

Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2022

Ársskýrsla flutt á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps haldinn í Reykjavík 30. maí 2023.

Landskerfi bókasafna hf. hefur umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps í samræmi við þjónustusamning milli Landskerfis bókasafna hf. (LB) og Rekstrarfélags Sarps (RS).

Formlegt samstarf félaganna hófst að frumkvæði RS haustið 2013 með undirritun þjónustusamnings til tveggja ára. Síðan þá hefur samningurinn verið endurnýjaður tvisvar sinnum og gildir núgildandi samningur til loka september 2023. Markmið samstarfs RS og LB er að samnýta aðföng, auka gæðaeftirlit með skráningu í Sarp, stuðla að betri upplýsingagjöf til eigenda og notendabjónustu auk þess að bæta aðgengi almennings að gögnum í Sarpi með því að gera þau aðgengileg í gegnum leitarvél, m.a. á vefnum leirir.is. Í þjónustusamningnum felst að LB sér um daglegan rekstur, stjórnun, starfsmannahald, samningagerð, áframhaldandi kerfisþróun og notendabjónustu.

Skrifstofa RS er staðsett í húsnæði LB að Katrínartúni 4, Reykjavík.

Stjórnun félagsins

Samkvæmt samþykktum RS er stjórnun félagsins tvíþætt. Annars vegar skal félagið skipað níu manna fulltrúaráði og skal formaður koma frá Þjóðminjasafni Íslands. Hins vegar skal ráðið kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn. Meginhlutverk fulltrúaráðs samkvæmt samþykktum félagsins er að ákveða stefnu þess, kjósa framkvæmdastjórn og hafa eftirlit með starfsemi RS.

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn 24. maí 2022. Á fundinum voru eftirtalin kjörin í fulltrúaráð: Þorbjörg Gunnarsdóttir, formaður og Ágústa Kristófersdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Björn Steinar Pálmason og Anna Jóhannsdóttir frá Listasafni Íslands, Anita Elefsen frá Síldarminjasafni Íslands, Berglind Þorsteinsdóttir frá Byggðasafni Skagfirðinga, Gerður Róbertsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Haraldur Þór Egilsson frá Minjasafninu á Akureyri og Þóra Sigurbjörnsdóttir frá Hönnunarsafni Íslands.

Fulltrúaráðið fundaði í kjölfar aðalfundar og kaus eftirtalin í þriggja manna framkvæmdastjórn: Ágústa Kristófersdóttir, formaður, Björn Steinar Pálmason og Gerður Róbertsdóttir. Varamenn voru kjörnir: Anita Elefsen, Anna Jóhannsdóttir og Þorbjörg Gunnarsdóttir. Fulltrúaráð hefur fundað tvisvar sinnum það sem af er árinu 2023.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli funda fulltrúaráðs og aðalfundar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er að hafa eftirlit með rekstri þess og sjá til þess að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi, að taka ákvörðun um veitingu notendaleyfa og setja gjaldskrá fyrir þjónustu félagsins. Gjaldskráin er þrepaskipt og tekur mið af ársverkfjölda aðildarsafns. Gjaldið hækkar á milli ára í takt við vísitölu neysluverðs. Gjaldskráin er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Framkvæmdastjórnin hélt alls 5 fundi á árinu 2022.

Meginverkefni stjórnar á árinu snéru að undirbúningi útboðs á skráningar- og umsýslukerfi sem myndi taka við af Sarpi 3, þar með talið skoðun leiða til að standa straum af stofn- og rekstrarkostnað þess til framtíðar litið. Svokallað DAM kerfi sem stjórn telur nauðsynlega viðbót við nýjan Sarp bæði fyrir umsýslu en ekki síður varðveislu stafræns efnis kom þar einnig við sögu.

Líkt og sagt var frá fyrir ári síðan er Rekstrarfélag Sarps nú aðili að Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) sem er undir Háskóla Íslands. MSHL sótti um styrk til endurnýjunar á Sarpi í samvinnu við RS í nóvember 2021 og fékk samþykktan styrk 42 m.kr. úr Innviðasjóði Rannís. RS samþykkti greiðslu 14,2 m.kr. mótframlags félagsins í tengslum við umsóknina. Með þessu er búið að fjármagna stofnkostnað við nýtt skráningar- og umsýslukerfi.

Félagið sótti í framhaldinu um styrk vegna áætlaðs stofnkostnaðar við DAM kerfi í gegnum MSHL í nóvember 2022 en sú umsókn hlaut ekki brautargengi. Gerð verður önnur atлага að málinu á þessu ári og aftur sótt um styrk í Innviðasjóð Rannís.

Félagið bauð Lilju Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptaráðherra í heimsókn og heiðraði hún vinnustaðinn með heimsókn sinni 1. desember. Á fundinum var farið yfir starfsemi RS og samstarf við LB og ráðherra upplýstur um stöðu verkefnis um arftaka Sarps með DAM lausn og tengingu þess við Menningarsókn, aðgerðaráætlun til 2030 og stjórnarsáttmála og talað fyrir mikilvægi þess að ríkið komi að því að fjármagna varðveislu menningarsögulegra gagna.

Starfsmannahald

Sveinbjörg Sveinsdóttir starfaði sem framkvæmdastjóri RS og LB en sérfræðingar LB sinntu afmörkuðum verkefnum og ráðgjöf við RS í um 60% starfshlutfalli.

Vala Gunnarsdóttir gegndi áfram starfi fagstjóra Sarps í fullu starfi. Félagið fékk kærkominn liðsauka er Anna Rut Guðmundsdóttir hóf störf hjá félaginu 1. október sem sérfræðingur í fullu starfi. Helmingur hins nýja stöðugildis verður fjármagnaður í gegnum öndvegissstyrk sem fékkst úr safnasjóði fyrir árin 2022-2024. Hér er um ræða mikla breytingu í starfssemi félagsins og mun auðvelda því að takast á við verkefnin sem eru framundan.

Bæði fagstjóri og sérfræðingur eru starfsmenn LB en sinna alfarið verkefnum fyrir RS sem greiðir allan útlagðan launa- og launatengdan kostnað samkvæmt reikningi.

Rekstur RS

Félagið var rekið á grundvelli fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í upphafi starfsársins.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2022 námu 53,4 m.kr. en þær skiptast í tekjur vegna notendaleyfissamninga, 45,3 m.kr. og styrki úr annars vegar öndvegissjóði safnaráðs í gegnum Borgarsögusafn Reykjavíkur 4,8 m.kr. og hins vegar styrk úr innviðasjóði Rannís í gegnum Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista 3,3 m.kr.

Rekstrarkostnaður ársins var 38,7 m. kr. Rekstrarkostnaður kerfis var 13,3 m.kr., þar af voru um 4 m.kr. vegna aðkeyptrar vinnu frá ráðgjafa og Ríkiskaupum vegna útboðs á arftaka Sarps 3. Laun og tengd gjöld eru 12,6 millj. kr. og annar rekstrarkostnaður er 12,7 millj. kr. Hagnaður ársins nam 15,7 m.kr.

Eigið fé félagsins í lok árs 2022 er 71,4 m.kr. og heildareignir eru 75,9 m.kr. Um 40 m.kr. eigna eru bundnar í Þróunarsjóði sem settur var á laggirnar á aðalfundi félagsins árið 2017 en hann lítur sérstökum verklagsreglum líkt og kemur fram í skýringu 8 í ársreikningi. Tilgangur með sjóðnum er að gera félaginu kleift að leggja til hliðar fjármuni til að standa straum af kostnaði vegna stærri skrefa varðandi kerfisþróun Sarps og sarpur.is.

Veltufjórhlutfall sem er hlutfall skammtímaskulda af veltufé er 16,75.

Eiginfjórhlutfall þ.e. hlutfall eigin fjár af heildareignum er 94,0%.

Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi RS fyrir árið 2022.

Verkefnið um arftaka Sarps 3

Unnið var að gerð kröfulýsingar fyrir nýtt skráningar- og umsýslukerfi á árinu. Hún var unnin af starfsmönnum félagsins undir handleiðslu Bjarna Júlíussonar ráðgjafa. Kröfulýsingin byggði á þarfagreiningu nýs kerfis sem verkefnahópar Sarps unnu í aðdraganda kröfulýsingar. Um er að ræða lýsingu á þeim kröfum sem gerðar eru til nýs kerfis og fyrirtækisins sem fer fyrir því. Gæðakröfurnar skiptust í nauðsynlegar (e. shall) og æskilegar (e. should) kröfur. Nauðsynlegar voru kröfur sem þurfti að uppfylla svo tilboðin kæmu til skoðunar, æskilegar kröfur gáfu bjóðendum gæðastig aukalega og vigtuðu í vallíkani.

Ríkiskaup sáu um framkvæmd útboðsins og útboðsgögnin voru rýnd af sérfræðingum safna og fulltrúaráði áður en útboðið var auglýst 30. nóvember á EES svæðinu. DAM kerfi var valkvæm viðbót við skráningar- og upplýsingakerfið. Um var að ræða almennt útboð með forvali. Vallíkan byggði á gæðakröfum sem vigtuðu 30%, áhættumat sem vóg 10%, úrlausn notandadæma gaf 20% og heildarkostnaður reiknaður yfir átta ár vigtaði 40% í lokaeinkunn.

Í lok árs 2022 hófst vinna við að útbúa notandadæmi fyrir bjóðendur. Hvert notandadæmi átti að leysa með stuttum upptökum og þurfi því að velja notandadæmi vandlega þannig að þau myndu gefa sem skýrasta mynd af kerfinu sem verið var að bjóða og hvernig það myndi nýtast RS.

Frestur til að skila inn tilboðum í nýtt skráningar- og umsýslukerfi rann út 3. febrúar 2023 og bárust sex tilboð. Eitt þeirra var dregið tilbaka og tvö reyndust ekki uppfylla kröfur í gæðum og áhættumati, þrjú fyrirtæki fóru því áfram í úrlausn notandadæma en það voru Axiell ALM Limited, SKINsoft SARL og Zetcom GmbH. Verðumslög voru ekki opnuð fyrir en niðurstöður dómnefnda varðandi úrlausn notandadæma lágu fyrir. Þá reyndist Zetcom GmbH hafa haft vinninginn en þeir buðu MuseumPlus skráningar- og umsýslukerfið, heildarkostnaður reiknaður yfir 8 ár í tilboðinu hljóðar upp á um 110 m.kr. Ytri vefur er ekki inni í þeirri tölu.

Af vettvangi kerfisþróunar, viðhalds og reksturs Sarps 3

Eins og undanfarin ár sá Prógramm ehf. um forritun vegna viðhalds Sarps 3 samkvæmt gildandi samningi sem gerður var síðla árs 2017. Sem fyrr er vinnan unnin undir handleiðslu fagstjóra Sarps. Fyrirtækið Þekking sér um hýsingu Sarps og sarpur.is.

Á árinu voru kerfisuppfærslur, sem unnar eru í svokölluðum sprettum, alls fimm talsins. Hér var mestmegnis um minniháttar viðhald að ræða t.d. villulagfæringar og smærri viðbætur. Vatnsmerkjum var breytt og voru uppfærð á öllum eldri myndum í kerfinu. Að auki var bætt við ramma með auka upplýsingum nú undir myndum á sarpur.is þegar þær eru skoðaðar stórar. Var þetta hluti af Vatnsmerkjaverkefninu og til að koma til móts við óskir frá Myndstef. Í þessum ramma birtist safnnúmer aðfangsins og höfundur verks (t.d. ljósmyndari eða listamaður ef það á við). Einnig fór fram áframhaldandi tiltekt í gögnum kerfisins. Er tiltektin liður í því að auðvelda vinnu þegar kemur að gagnaflutningum úr Sarpi 3 yfir í nýtt kerfi.

Skráningarráð Sarps og skráningarhandbók

Skráningarráð Sarps hélt tvo fundi á árinu 2022 í apríl og september. Hlutverk ráðsins, sem hefur verið starfrækt frá árinu 2015, er að stuðla að samræmingu og gæðum skráninga í Sarp. Meginverkefni ráðsins er umsjón með skráningarhandbók Sarps auk þess sem ráðið ályktar um álitamál sem varða skráningu. Umfjöllunarefni ráðsins þetta árið voru t.d. vatnsmerkin,

höfundarréttartextar og að taka út pantanahnappinn fyrir einstaka söfn eða aðfangategundir á ytri vefnum. Hægt er að nálgast fundargerðir frá fundum ráðsins á heimasíðu þess, <https://www.landskerfi.is/rekstrarfelagsarps/samstarfsadilar/skraningarrad>

Í ráðinu sátu árið 2022: Þorvaldur Böðvarsson frá Þjóðminjasafni Íslands sem formaður, Anna Lís Guðmundsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Elín Guðjónsdóttir frá Listasafni Íslands, Lýður Pálsson frá Byggðasafni Árnesinga og Nanna Þóra Áskelsdóttir frá Byggðasafninu í Görðum á Akranesi.

Fjöldi notenda – nýir notendur - umfang gagnasafnsins – heimsóknir á vefi

Tvö söfn bættust í hóp aðildarsafna á árinu 2022. Það eru *Bæringsstofa* í Grundarfjarðarbæ og *Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar*. Greiðendur í lok árs voru alls 62 talsins, þar af voru 38 með sameignaraðild að félaginu.

Aukning varð í fjölda virkra notenda í Sarpi á milli ára. Í maí 2023 eru samtals 332 notendur skráðir með virkan aðgang á innri vef Sarps miðað við 263 virka notendur á sama tíma í fyrra. Þar af eru 13 notendur tengdir viðhaldi og daglegum rekstri kerfisins þ.e. ekki starfsmenn aðildarsafna. Um 73% eða 242 notendur voru með kerfisaðgang sem gerir kleift að bæði lesa, skrá og breyta eldri færslum einhvers aðfangs í Sarpi (B – breytinga- og skráningaradgangur). 43 notendur eða 13% eru með leyfi til að nýskrá en ekki breyta og lagfæra eldri skráningar, nema sínum eigin (S-skráningaradgangur) og 10% eða 34 notendur voru einungis með lesaðgang að kerfinu (L - lesaðgangur).

Heildarfjöldi skráðra aðfanga í Sarpi í maí 2023 voru 1.624.095 og er það aukning um 2,3% frá síðasta ári. Þar af eru 1.135.856 aðföng birt á sarpur.is í maí 2023 og fækkar þeim um 12,8%. sama tíma í fyrra. Hluta af því má útskýra með tiltekt í kerfinu þar sem hreinsaðar voru út „draugafærslur“ þ.e. færslur sem voru ekki sýnilegar en töldust samt með. Einnig hafa söfn tekið til hjá sér og t.d. eytt út tvískráningum. Einhver söfn þar á meðal Þjóðminjasafnið hafa að tekið myndlausar færslur úr birtingu á meðan unnið er að myndvæðingu. Séu rafræn skjöl talin með aðföngum fer heildarfjöldinn upp í 2.267.115.

Nýskráningar ársins 2022 voru 34.148 talsins (87.737 ef rafræn skjöl eru talin með) og gerðar voru breytingar á 418.893 eldri færslum (þ.e. uppfærðar upplýsingar eða sett inn mynd). Tölfræðiupplýsingarnar koma úr skýrslugerðartóli sem var búið til árið 2020 og sækir gögn beint úr kerfinu.

Á árinu 2022 voru heimsóknir á sarpur.is 179.097 talsins en voru 219.314 árið á undan sem svarar til 18,3% færri heimsóknna. Er það í fyrsta skipti frá opnun vefsins sem heimsóknnum fækkar milli ára. Möguleg ástæða er að í Covid mældist mikil aukning á heimsóknnum á vefinn og að heimsóknir séu aftur komnar í „eðlilegt horf“. Einnig var auglýsingaherferð í gangi áður og hefur verið minna gert af því að auglýsa vefinn árið 2022. Síðuflettingar voru 1.283.064 og eru einnig aðeins færri en árið áður. Notendur voru hins vegar lengur inni á vefnum en hefur mælst áður eða að meðaltali 06.16 mínútur inni á vefnum í hvert skipti, en það þykir nokkuð langur tími fyrir vefsíður. Fleiri notendur eru því að nota síðuna í lengri tíma, þá til dæmis til dægrardvalar eða til rannsókna. Rúmur helmingur þeirra sem sækja vefinn sarpur.is heim eða 57,9% ratar inn á hann í gegnum leitarvél á borð við Google. Um 22% fara beint inn á vefslóðina, 17,3% fara í gegnum samfélagsmiðla (langflestir frá facebook, en einnig frá Twitter, Pinterest og Instagram) og síðustu tæp 3% í gegnum tengla ýmiskonar t.d. á heimasíðum safna, fjölmiðlum eða tölvupósti. Á árinu 2022 bættust við 9 sýningar á sarpur.is. Alls voru því 88 sýningar í birtingu á sarpur.is í árslok 2022 en voru 79 árið á undan.

Kennsla og notendabjónusta

Á vef Landskerfis bókasafna, landskerfi.is er að finna þjónustuvef með leiðbeiningum um notkun Sarps auk verkbeiðnakerfis fyrir erindi frá viðskiptavinum. Mælst hefur verið til þess að starfsmenn safna stofni aðgang á vefnum til að fullnýta þá þjónustu sem þar er í boði og fá sem skjóttust og best viðbrögð við þjónustuerindum og skrái sig í leiðinni á póstlista Sarps til að fá tilkynningar um uppfærslur Sarps, fyrirhuguð námskeið og fleira. Í maí á þessu ári höfðu 172 starfsmenn safna stofnað aðgang á vefnum en voru 169 á sama tíma árið áður.

Nokkuð hefur verið um að Sarpsnotendur sendi erindi beint til einstakra starfsmanna RS í stað þess að fara í gegnum verkbeiðnakerfið. Nú er hafinn undirbúningur að upptöku nýs verkbeiðnakerfis sem mun gera bæði starfsmönnum RS og aðildarsafna Sarps auðveldara að halda utan um öll erindi, forgangsraða, flokka og hafa yfirsýn yfir stöðu þeirra. Með innleiðingu á nýju skráningar- og umsýslukerfi Sarps og með nýjum starfsmanni RS verður það enn mikilvægara en áður að allir póstar til Sarps rati í gegnum þessa þjónustugátt en ekki í tölvupósti til einstakra starfsmanna og eru starfsmenn safna hvattir til að hafa það í huga.

Ekki voru haldin staðnámskeið en boðið upp á grunnnámskeið í formi fjarkennslu. Einnig var boðið upp á „Fjaraðstoð í Sarpi“ en hugsunin var að notendur sem þurftu aðstoð eða svör við vandamálum gætu haft beint samtal við fagstjóra í gegnum Teams. Fjórir sóttu fjaraðstoð í mars og 11 voru á grunnnámskeiði. Notendur lýstu ánægju með þetta kennsluform og þá sérstaklega þeir sem eru ekki af höfuðborgarsvæðinu. Að auki fengu nokkrir nýjir notendur senda upptöku af fjarnámskeiði og var boðið að hitta fagstjóra á Teams fundi eftir áhorf til að svara frekari spurningum.

Lokaorð

Það er ekki ofsögum sagt að Sarpur stendur á krossgötum. Sarpur hefur verið til sem skráningar- og umsýslukerfi safna frá árinu 1998, fyrst aðeins aðgengilegur safnafólki en á árinu 2013 varð hann aðgengilegur almenningi á ytri vef sarpur.is. Núverandi kerfi, Sarpur 3 var tekið í notkun 2011. Á árinu 2020 var farið að huga að arftaka Sarps 3 og var þeirri vinnu fram haldið á árunum 2021 og 2022 með víðtæku samráði. Nú eru kaup á nýju skráningar- og umsýslukerfi í höfn og fáum við kynningu á MuseumPlus frá Zetcom í lok þessa fundar. Það er í senn spennandi og örllítið ógnvænlegt að standa á þessum tímamótum. Sarpur sem skapaður var sérstaklega fyrir íslensk söfn, tekur næsta skref í þroskanum og verður nú hluti af stóru, alþjóðlegu skráningarkerfi og þegar við hittumst hér að ári verður væntanlega komin einhver reynsla á þær breytingar. Nú þegar fjármögnun stofnkostnaðar nýs skráningarkerfis og viðbótar mannafla hefur verið tryggð með styrkjum úr Innviðasjóði Rannís og safnasjóði er næsta verkefni félagsins að finna leiðir til að fjármagna rekstur félagsins til framtíðar í framhaldi af kerfisskiptum. Ekki má heldur gleyma að eftir er að fjármagna kaup og rekstur á DAMS (e. Digital Asset Management Systems) kerfi sem er nauðsynleg viðbót við nýtt skráningarkerfi sem og ytri vef Sarps. Þetta samhliða undirbúningi innleiðingu nýs skráningarkerfis verður mikilvægasta verkefni félagsins á þessu ári og verður unnið í samvinnu við MSHL.

Sarpur og sarpur.is er menningarsögulegt gagnasafn sem veitir almenningi og safnmönnum heildstæða yfirsýn yfir menningarminjar íslenskra safna og gegnir því lykilhlutverki þegar kemur að aðgengi, rannsóknum og miðlun á menningararfi landsins. Nýr Sarpur, arftaki Sarps 3 þarf að taka mið af þörfum nútímans og óskum stjórnvalda sem endurspeglast m.a. í *Menningarsókn, aðgerðaráætlun til 2030* unnin í mennta- og menningarmálaráðuneyti á árunum 2018-2021 enda er Sarpur nauðsynlegt tæki til að hrinda stefnunni í framkvæmd. Það er vilji stjórnar að fjölga notendum Sarps á næstu árum og styrkja rekstrargrunn félagsins, horft er sérstaklega til þess að með tengingu við DAMS kerfi verður nýr sarpur ekki aðeins skráningarkerfi og upplýsingaveita heldur einnig varðveislustaður stafrænna afrita og

frumgagna. Með því móti vonum við að Sarpur svari kröfum samtímans og framtíðarinnar um stafrænt aðgengi.

Framkvæmdastjórn vill þakka fulltrúaráði og aðildarsöfnum Sarps fyrir gott samstarf á árinu. Safnafólk sem aðstoðaði við undirbúning útboðs og tók þátt í dómnefndum notandaprófana er þakkað sérstaklega. Að endingu eru Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra, Völu Gunnarsdóttur fagstjóra, Önnu Rut Guðmundsdóttur og öðrum starfsmönnum Landskerfis bókasafna færðar þakkir fyrir heilladrjúg störf í þágu félagsins.

F.h. framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps

Ágústa Kristófersdóttir, formaður
Björn Steinar Pálmason, gjaldkeri
Gerður Róbertsdóttir, ritari